

Alþingi  
Erindi nr. P 138/514  
komudagur 8.12.2009



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 8. desember 2009

**Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.) sbr. þskj. 273 – mál nr. 239.**

### **Ekki nýtt þrep í virðisaukaskatti.**

SVP – Samtök verslunar og þjónustu leggjast alfarið gegn hugmyndum um nýtt 14% virðisaukaskattsþrep (VSK) sbr. frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum. Engin haldbær rök fylgja umræddum breytingum og afleiðing þeirra verður flóknari skattframkvæmd, óeðlileg mismunun í skattlagningu samskonar vara og auknar líkur á skattalagabrotum.

Annars vegar er stefnt að því að flokka matvæli eftir meintri hollustu, en hins vegar eftir því hvort að þjónusta (ótilgreind) hefur verið veitt við kaup matvællanna, s.s. ef kjúklingur hefur verið grillaður í verslun. Í báðum tilvikum hækkar skatthlutfall úr 7% í 14%. Þetta hefur hins vegar afleiðingar sem ekki hafa verið kannaðar til hlítar.

OECD hefur margsinnis varað aðildarlönd sín við að þróa skattkerfi sem eru flókin og jafnvel ógegnsæ, og leiða þannig til óeðlilegrar mismununar á milli vöruflokka og þjónustustigs. Slík skattkerfi missa smám saman allan trúverðugleika og skilvirkni þeirra skerðist til muna.

Eðli málsins samkvæmt eru sumar vörur hollari en aðrar, sykurmagn er mismunandi, bætiefni eru fjölmörg og aukefni óteljandi. Hollusta er þó engan vegin bundin sykurmagni. Næringarfræðingar vara jafnframt almennt við flokkun matvæla eftir hollustu – enda er það nánast óframkvæmanlegt m.t.t. þess fjölda vara sem fluttar eru inn eða framleiddar eru hér á landi.

Varðandi þjónustustarfsemi er mikilvægt að benda á að eðli hennar er afar mismunandi. Erfitt er að setja skil milli mismunandi tegunda þjónustu s.s. steikingar hamburgara, upphitunar á pylsu, eða tilreiddan kvöldmat á veitingastað (e.t.v. svipaðan hamburgara og fæst í sjoppu). Miðað við núverandi frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt mun mismunandi skattur (VSK) vera greiddur af samskonar þjónustu.

Að ofangreindu er ljóst að nýtt 14% þrep virðisaukaskatts mismunar atvinnugreinum og er í eðli sínu ósanngjörn neyslustýring.

Lítum á nokkur dæmi sem skýra eðli vandans:

1. **Ávaxtasafi** mun bera 14% VSK. Aðrar vörur sem innihalda yfirdrifið sykurmagn, s.s. kókómjólk, munu þó áfram bera 7% skatt. Kakóduft (bætt í mjólk) mun hins

vegar bera 14% VSK þótt hér sé endanleg vara ígildi kókómjólkur (sem ber áfram 7% VSK).

2. **Hrísmjólk frá MS** ber áfram 7% virðisaukaskatt en hefur þó svipað sykurmagn (25%) og vænt súkkulaðistykki – sem mun bera 14% skatt vegna mikils sykurinnihalds. Súkkulaði er þó mun hollara en áður var talið miðað við erlendar rannsóknir og er jafnvel talið geta stuðlað að langlífi í vissum tilvikum.
3. **Viðbit** (t.d. L&L, léttu o.fl) ber 7% virðisaukaskatt þrátt fyrir verulega óhollustu í formi bindiefna, olíu (sem ekkert á skylt við mjólkurafurðir) og önnur aukaefni (svokölluð ýruefni).
4. **Rjómi** ber 7% virðisaukaskatt, en er þó með verulegt fituinnihald (36%), ásamt því að innihalda mjólkursykur. Rétt er að nefna að Lýðheilsustofnun hefur vakið athygli á mikilli neyslu feitra og sykraðra mjólkurafurða á Íslandi borið saman við önnur Norðurlönd. Af þessu hefur stofnunin áhyggjur.
5. **Eldaður kjúklingur** sem keyptur er í verslun (en ætlaður til neyslu í heimahúsi), mun áfram bera 7% VSK. Sé hins vegar samskonar kjúklingur keyptur á veitingahúsi (og ætlaður til neyslu í heimahúsi) ber hann 14% VSK. Í báðum tilfellum er umrædd þjónusta fólgin í því að kjúklingurinn er grillaður og afhentur í plastláti yfir þjónustuborð.
6. **Steiktur hamborgari** ber áfram 7% VSK en málið vandast þegar kaupandi óskar eftir skammti af frönskum kartöflum og borðar svo vöruna á staðnum. Er þá ekki um hliðstæðu við veitingahús að ræða sem mun bera 14% VSK?
7. **Blandaðir sjávarréttir** eru algeng vara í fiskborði verslana. Heilmikil þjónusta hefur hins vegar verið framkvæmd þegar að rétturinn er tilbúinn til sölu: grænmeti hefur oft verið bætt við, ótal kryddtegundir valdar og loks ákveðin blanda sjávarafurða valin til að auka sölugildi vörunnar.  
  
Óhjákvæmilega telst þetta til „þjónustu“, sem ber þó áfram 7% VSK, þrátt fyrir að þetta sé svipað ferli og kokkur á veitingastað fylgir við eldamennsku (og sem mun bera 14% VSK) - fyrir utan að kokkurinn bakar fiskinn. Pylsusalinn veitir þó svipaða þjónustu endar hitar hann vel og vandlega hverja pylsu og brauð með - sem ber þó 7% VSK.
8. Sumar tegundir **morgunkorns** innihalda meira sykurmagn en bragðgott súkkulaði. Þó bera þær áfram 7% VSK.

Erlendar þjóðir hafa hingað til öfundað okkur fyrir tiltölulega einfalt og gegnsætt skattkerfi. SVÞ leggur því til að þær framfarir sem við höfum náð verði ekki skertar með illskiljanlegum skattbreytingum sem á endanum leiða til minni tekjumyndunar fyrir ríkissjóð en sem stefnt var að.

## Forðumst að flækja skattkerfið

Að framansögðu er ljóst að frekari tekjuöflun ríkissjóðs verður að byggja á skýrum reglum, sanngirni og augljósu hagræði. Umfram allt verður að vera sátt um breytingar á skattkerfi þjóðarinnar.

SVP leggur til að í stað myndunar tveggja aðskilda skattþrepa verði lægsta þrep núverandi virðisaukaskatts (7%) hækkað. Slík breyting þýðir í raun að sú lækkun virðisaukaskatts á matvæli, sem framkvæmd var árið 2007, myndi að hluta til ganga til baka.

Hækkun grunnþreps núverandi virðisaukaskatts er:

- einföld í framkvæmd
- hún leiðir hvorki til mismununar á vörum né atvinnugreinum
- hún getur leitt til sömu tekjuaukningar fyrir ríkissjóð eins og hinu nýja 14% þrepi er ætlað að ná.


Ekki má gleyma að þessi aðgerð kemur í kjölfarið á því að vörugjöld voru lögð á ýmsar tegundir matvæla og hráefna til matvælaframleiðslu þann 1. september s.l. Þar er um að ræða ýmsar sömu vörutegundir og nú er lagt til að falli í hið nýja 14% þrep í virðisaukaskatti. Hér er því höggið í sama knérinn. Á sama hátt og hið nýja vsk. þrep leiðir til mismununar milli vörutegunda og óhagræðis í skattkerfinu á það einnig við um vörugjöldin. Öll þessi skattkerfisbreyting ber því vott um afturhvarf til fortíðar þar sem talið var eðlilegt að hafa áhrif á neyslu almennings í gegn um skattkerfið.

Frá vori 2008 hefur verið samfelldur samdráttur í smásölu á Íslandi. Það er því ljóst að aukin skattheimta ríkissjóðs er afar óheppileg svo ekki sé meira sagt. Flókið og ógegnsætt skattkerfi með auknum tilkostnaði er þó það síðasta sem verslunin í landinu þarf á að halda.






## Dæmi um vörur með viðbættum sykri




\*Leyfi fyrir birtingu mynda fengið frá Lýðheilsustöð Íslands.

Samtökin óska þess að fá tækifæri til að koma á fund nefndarinnar og skýra sjónarmið samtakanna.

Virðingarfyllst,

  
Andrés Magnússon,  
framkvæmdastjóri

  
Ólafur Reynir Guðmundsson  
lögfræðingur